

Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í Guðmundarstofu 9. nóvember 2021.

Mættir: Hjörtur Bergstað, Íva Rut Viðarsdóttir, Sigurbjörn Þórmundsson, Árni Geir Eypórsson, Þórunn Eggertsdóttir, Leifur Arason og Einar Gíslason.

1. Fáksfatnaður 2021

Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir situr fundinn undir þessum lið. Hún og framkvæmdastjóri kynna tilboð og fatnað sem þau hafa fengið frá helstu fyrirtækjum í útivistarfatnaði. Þeim er falið að ræða frekar við eitt fyrirtæki og senda á stjórn endanlega tillögu að fatnaði til samþykktar.

2. Félagsheimilið – hellulagnir við flóttaleiðir

Framkvæmdastjóra bárust tvö tilboð í hellulagnir við flóttaleiðir í félagsheimilinu. Stjórn samþykkir að taka hagstæðara tilboðinu frá Jarðval.

Árni Geir Eypórsson vék fundi undir þessum lið.

3. Nýtt efni í reiðhallargólfið í reiðhöllinni

Framkvæmdastjóri kynnir verkáætlun um að skipta um gólfefni í reiðhallargólfinu. Búið er að fá tilboð frá Límtré-Vírnet í furuflísarefni. Þá verður höllin hefluð og mokað út úr henni efni til að gera pláss fyrir furuflísina.

Fundi lýkur 18:00

Fundargerð ritaði Einar Gíslason